

Landgræðsla-sáning

Námsgrein:

Umsjón: Ragnheiður Jónasdóttir

Verkefni: sáning í bakka og fylgst framvindu spírunar á rýgresi, lúpínu, smára og túnvingli

Nemendur:

stúlkur og drengir

Blandaður aldurshópur frá 2. til 3. bekkjar, 11 nemendur

Markmið

Að nemendur:

- Kynnist sáningu og mismunandi fræjum
- Kynnist mun á jarðvegi í tengslum við spírun
- Kynntust rakaheldni mismunandi jarðvegs

Markmið nemandans

Að nemandinn:

- Verði meðvitaðri um mikilvægi gróðurs fyrir allt líf
- Læri tillitssemi og virðinu við náttúruna
- Sé virkur í umræðum

Tengsl við athafnir daglegs lífs

Nemendur:

- Kynnist Landgræðslu ríkisins og störfum hennar

Skipulag kennslustundar/kennsluaðferð

Innlögn og síðan fá nemendur að sjá um starfið

Fyrirkomulag – einstaklingsvinna/hópvinna

Hópvinna

Kveikja

Við og umhverfið

Námslegar væntingar til nemenda

Að nemendur:

- Átti sig á mikilvægi vatns fyrir allt líf
- Átti sig á hringrás í lífi plöntu
- Virði betur og skilji mikilvægi landgræðslu

Staðsetning kennslunnar

Útvinna og vinna í ræstikompu skólans þar sem bakkar verða hafðir á meðan á tilraun stendur

Efni og úræði

- Fræ til sáningar
- Mold, vikur og sandur
- Sáðbakkar/6 stykki, tveir fyrir hverja tegund fræs
- Stiklingar af víði

Kennari ákvað að láta nemdur einnig fylgjast með græðlingi róta sig og nemendur stungu stiklingum af körfuvíði í sundurskornar mjólkurfurnur og merktu þær og fylgdust með þeim um leið og spírun fræjanna.

Starfið

Upphaf vinnu

Nemendur sáðu fræjum mánudaginn 5. Maí í mold, vikur og sand



Allir vildu fá að koma við jarðveginn.....og slétta hann og fínisera...



Og allir tóku þátt í sáningunni

Framvinda

Fyrstu fræin spíruðu strax í fyrstu vikunni og voru fljót að vaxa nemendum til gleði. Rýgrestið spíraði fyrst, síðan smárin og að lokum nokkrar lúpínur. Fræ smárans og lúpínunnar spíruðu aðeins að litlu leyti.



Mold



Vikur



Sandur



Nemendur virða fyrir sér útkomu sáningar

Niðurstöður

Að 3 vikum liðnum tóku nemendur 5 x 5 sm² út úr miðjum bökkum af mold, vikri og sandi og töldu plönturnar.

Mold: 24 rýgresiplöntur, 3 lúpínur og 2 smárar (túnvingull?)

Vikur: 21 rýgresiplöntur, 0 lúpína og 4 smárar (túnvingull?)

Sandur: 16 rýgresiplöntur, 2 lúpínur og 2 smárar (túnvingull?)

Ekki var merkjanlegur munur á þessum jarðvegstegundum að öðru leyti en því að plönturnar þrífust áberandi best í moldinni en verst í sandinum.



Nemendur fara stoltir af stað með græðlingana sína og gróðursetja þá í skólaskógi.